

HÁSPENNULÍNULEIÐ  
HRAUNEYJAFOSS-GRUNDARTANGI

LAUSLEG JARÐVEGSLÝSING

HAUKUR TÓMASSON  
BIRGIR JÓNSSON



ORKUSTOFNUN

Raforkudeild

Dags. 1977.07.05.

Tilv. vor HT/BJ/vp

Dags.

Tilv. yðar

Landsvirkjun  
Línudeild  
Suðurlandsbraut 14  
Reykjavík


Háspennulínuleið Hrauneyjafoss-  
Grundartangi. Lausleg jarðvegslýsing.


Hjálagt sendist lausleg jarðvegslýsing af háspennu-  
leið frá Hrauneyjafossi að Grundartanga í Hvalfirði.

Ekki var gerð sérstök athugun á línustæðinu áður en  
lýsingin var gerð heldur var byggt á kortum og  
kunnugleika undirritaðra á leiðinni, sem er nokkuð  
misjafn eftir því um hvaða hluta leiðarinnar er  
að ræða. Helst skortir okkur þekkingu á kaflanum  
norðan við Skjaldbreið og frá Uxahryggjum yfir  
Botnsheiði.

Samkvæmt framansögðu verður að taka jarðvegslýsinguna  
með nokkrum fyrirvara.

Virðingarfyllst,

  
Haukur Tómasson.

  
Birgir Jónsson.

Fjarlægð frá  
tengivirki við  
Hrauneyjafoss  
km

- 0-1,7 Hæðir úr bólstrabergi, þurrt land og greiðfært. Jarðvegs-\*)  
dýpt ca. 1 m. Hörð mórena og bólstraberg undir.
- 1,7-4,4 Sandorpið hraun, sums staðar þakið þunnum jarðvegi. Ca  
1 m niður á fast í hrauninu, en dýpra þar sem sandfyllingar  
eru við hraunjaðrana.
- 4,4-7,9 Á Langöldu, móbergshæð, jarðvegsdýpt 0-2 m. Klöpp upp  
úr á hæðarhryggjum en dýpra í lögðum. Sendin mórena ofan  
á harðri mórenu og bólstrabergi.
- Ath. Undirrituðum virðist vera betri leið fyrir línuna að fara beint  
úr 1,7 km í ca 9 km; þá liggur línun norðan undir Langöldunni  
og gegnum skarð í henni vestarlega. Sú leið sem dregin er á  
kortið liggur hins vegar skáhallt yfir ölduna.
- 7,9-18,3 Sandorpið hraun byrjar nálægt 7,9 km. Víða gjall á yfir-  
borði, yfirleitt 2-3 m á þykkt.
- 18,3-20,1 Blandaður fokmoldar- og mýrajarðvegur. Víðast sennilega  
um 3 m á þykkt, e.t.v. allt að 5 m. Frekar þurrt, gróið  
land. Undir er þétt basalt.

Nyrðri leið (blá lína á korti).

- 20,1-21,5 Vikrar, a.m.k. nokkrir metrar á þykkt; sennilega 5-10 m  
á miðju svæðinu. Jarðvatn við yfirborð á kafla leiðarinnar.
- 21,5-24,2 Að mestu mýrar; jarðvegur sennilega 3-4 m á þykkt en undir  
er gamalt þétt basalt.

\*) í þessari skýrslu nær orðið jarðvegur yfir öll laus yfirborðslög.

- 24,2-27,5 Ofan við Háafoss. Land þakið mórenu, sums staðar gróinn mói en grýtt á köflum. Jarðvegsþykkt breytileg, eða frá 0 og upp í nokkra metra.
- 27,5-30,0 Fossölduver. Gróin, frekar blaut, sandfyllt lægð, sennilega með mólinsum. Jarðvegsþykkt nokkrir metrar.
- 30,0-34,0 Hæðir úr gömlu móbergi með mórenuklíningi, gott land yfirferðar. Þunnur jarðvegur, sennilega 0-2 m.
- 34,0-35,0 Áreyrar, malarkenndar, jarðvegsdýpi misjafnt, mest í miðju.
- 35,0-36,3 Fitjaásar; sama og á km 30,0-34,0.
- 36,3-39,6 Geldingaver; sama og Fossölduver, þ.e. km 27,5-30,0.
- 39,6-41,5 Hæð úr gömlu móbergi (sama og 30,0-34,0).
- 41,5-42,3 Langaver; svipað og Fossölduver (km 27,5-30,0).
- 42,3-46,6 Yfir Leirá og Heiðará. Yfirleitt þunnur jarðvegur og afblásið land, þurrlegt að mestu. Klapparholt víða. Bergið er að mestu gamalt móberg.
- 46,6-48,4 Melrakkatungur og nágrenni. Nokkuð um jarðvegstorfur, þykkar í lægðum, annars mórena og sandur á köflum. Frekar hátt jarðvatn. Berg móberg og basalt.
- 48,4-51,5 Sandalda; ógróið og grýtt land, aðeins sandorpið, jarðvegsdýpi 0-2 m. Berg er kubbabergsbasalt.
- 51,5-53,6 Jarðvegstorfur og basaltklappir inn á milli. Jarðvegsdýpi upp í 2-3 m.
- 53,6-56,1 Sendið sléttlendi með jarðvegstorfum hér og þar. Mórena undir og stendur upp úr á stöku stað.

- 56,1-57,2 Árbrandsá. Mikið um berar klappir með sandi í lægðum.
- 57,2-66,3 Uppblásið land að mestu. Mórena og frekar þunnur jarðvegur. Þurrt land og sámilegt yfirferðar.
- 66,3-68,3 Sandorpið hraun, dýpi á fast ca. 1-2 metrar.
- 68,3-68,8 Móbergshæð; brekkur og sandfylltar lægðir, djúpur sandur neðst í brekkum, en berg upp úr efst.
- 68,8-77,8 Sandorpið hraun; e.t.v. leirlög ofan á hrauninu á stöku stað eftir hærri vatnsstöðu í Sandvatni og Hagavatni.
- 77,8-89,3 Sandorpið hraun; sums staðar djúpur sandur milli hrauns og hliðar. Gróður á stöku stað.
- 89,3-94,2 Skjaldbreiðarhraun, eitthvað sandorpið, sums staðar nokkur gróðurþekja.
- 94,2-100,0 Sandorpið hraun. Grunnt á fast berg, ca. 1-2 metra.
- 100,0-109,8 Mórenuásar, grýttir með mýrasundum á milli. Misdjúpt á fast, en yfirleitt grunnt. Bergið undir er blágrýtismyndanir.
- 109,8-118,9 Ávalar brúnir, gróið á köflum og sennilega frekar blautt sums staðar. Mórenuklíningur sennilega þunnur.
- 118,9-122,5 Suðurhliðar Grafardals, gróið land, blautt á köflum, misþykk mórena. Jarðvegisdýpi nálægt 2 m. Bergið undir er basalt.
- 122,5-127,3 Ávalur háls, frekar þurr uppi; þunnur jarðvegur ca. 1-2 m. Klappir á stöku stað.
- 127,3-132,0 Grasi gróin hlið og grónar skriður. Þurrt að mestu, misþykkur jarðvegur.

- 132,0-139,8 Malarkennt land út ásana. Kjarr og jarðvegstorfur á köflum, áætluð jarðvegsþykkt 0-3 m.
- 139,8-141,0 Grónir melar, nokkuð leirkennt. Nokkuð djúpt á klöpp, en sennilega misdjúpt.

Syðri leiðin (rauð lína á kortinu).

- 20,1-24,0 Hafið, vikraslétta. Gott land yfirferðar. Dýpi á klöpp nokkrir metrar á mestum hluta leiðarinnar, en grynkar til endanna.
- 24,0-26,5 Utan í Stangarfjalli, nálægt Gjánni í Þjórsárdal. Þykkan jarðvegstorfur, sundurgrafnar af giljum. Dýpi á klöpp 0-3 m. Lega línunnar við Gjána gæti valdið mótmælum frá Náttúruverndarráði.
- 26,5-28,8 Yfir Þjórsárdal. Vikrar og aurar. Djúpt á fast.
- 28,8-29,5 Líparít og móbergsskriður í hliðum og berg upp úr efst.
- 29,5-31,5 Vikurslétta yfir Sandá, djúpt á fast, grynkar til endanna.
- 31,5-33,3 Brekkur og dældir, fremur þurr, að mestu gróið, klappir upp úr þar sem brattast er. Dýpi á klöpp breytilegt, nokkrir metrar í dældum.
- 33,3-38,2 Kista; háslétta með drögum, sennilega frekar grunnt á klöpp, gamalt þétt berg undir.
- 38,2-40,7 Skillandsfitjar. Utan í setfylltri lægð. Sennilega nokkuð jarðvegsdýpi.
- 40,7-45,3 Dalur Stóru-Laxár. Frekar brattar hæðir, að mestu gróið þurrlendi. Misdjúpt á klöpp, sem oft er upp úr efst í

hæðunum, en skriður neðantil og nokkur jarðvegur í dældum.  
Línan er óþarflega nálægt fallegum fossi neðst í Skillandsá.

- 45,3-49,1 Ávalar hæðir og daladrög, að mestu gróið, frekar þurrt. Jarðvegisdýpi ca. 1-3 m.
- 49,1-50,3 Tjarnheiði. Grunn mýrasund milli klappaholta.
- 50,3-53,5 Brekkur og holt nálægt Fossá, nokkuð þurrlent. Uppblásið að hluta. Jarðvegur yfirleitt frekar þunnur, 1-3 m.
- 53,5-55,5 Grófar malareyrar og mórena. Djúpt á klöpp. Land gott yfirferðar.
- 55,5-56,5 Við Gýgjarhól. Grónar brekkur ofan bæjar. Grunnt á klöpp á stöku stað.
- 56,5-61,1 Frá Gýgjarhóli að Tungufljóti. Að mestu mýrlendi sem að hluta er framrast. Setlög undir mýrinni. Nokkuð dýpi á klöpp,
- 61,1-62,0 Þurrlendi, gott yfirferðar nokkuð misdjúpt á klöpp.
- 62,0-63,8 Brekkan upp á Haukadalsheiði. Jarðvegur þykkur og þurr í brekkunum, sérstaklega neðan til.
- 63,8-66,7 Haukadalsheiði; gróið land þakið jarðvegi og mórena undir. Dýpi á klöpp ca. 2-3 m.
- 66,7-71,4 Úthlíðarhraun. Frekar ógreiðfært hraun, lítið sandorpið.
- 71,4-73,0 Norðan í Högnhöfða. Neðarlega í móbergshlíðum og milli hrauns og hlíðar. Misþykkur jarðvegur en nokkuð þykkur á stöku stað.
- 73,0-76,1 Rótasandur. Mjög sandorpið hraun. Greitt yfirferðar. Jarðvegsþykkt 0-3 m.

- 76,1-81,4 Ávalar móbergshæðir. Yfirleitt frekar þunnur jarðvegur. Greitt yfirferðar.
- 86,6-90,8 Skjaldbreiðarhraun. Lítið sandorpið helluhraun. Hverfandi jarðvegur.
- 90,8-98,4 Sandorpið hraun, sandur fer vaxandi til vesturs. Jarðvegur 1-2 m á þykkt.
- 98,4-101,4 Grónir ásar með mýrasundum. Misdjúpt á fast.







88.5

77.8 km

81.4 km

22.6

38.7

35.8

27.9

18.3

7.9

LAMBAHEIDI

Sandfell

Haukadalur

Tungvell

Hríflingur

HÓLMAVÍK

BLÁFELL

Rjúpnafell

Fossheidi

Þórshöfudalur

Alafell